

Priðjudaginn 7. marz 1967.

Nr. 15/1966. **Guðmann Skæringsson** (Jón Hjaltason hrl.)
gegn

Skipaviðgerðum h/f og til réttargæzlu
Brunabótafélagi Íslands

(Ragnar Aðalsteinsson hrl.).

Dóمندur:

hæstaréttardómararnir Gizur Bergsteinsson, Jónatan Hallvarðsson, Einar Arnalds og Logi Einarsson og prófessor Ármann Snævarr.

Ómerking og heimvísun.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 31. janúar 1966, að fengnu áfrýjunarleyfi sama dag. Krefst hann þess, að stefnda, Skipaviðgerðum h/f, verði dæmt að greiða honum kr. 204.271.80 ásamt 7% ársvöxtum frá 4. janúar 1963 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati Hæstaréttar, eins og mál þetta væri ekki gjafsóknarmál.

Stefndi, Skipaviðgerðir h/f, krefst sýknu af kröfum áfrýjanda og málskostnaðar úr hendi hans fyrir Hæstarétti að mati dómsins. Til vara krefst stefndi lækkunar á kröfum áfrýjanda og falli þá málskostnaður niður.

Á hendur réttargæzlustefnda, Brunabótafélagi Íslands, eru engar kröfur gerðar, og hefur réttargæzlustefndi ekki uppi kröfur í málinu.

Áfrýjandi hefur hækkað kröfur sínar frá því, er greinir í héraðsdómsstefnu, án þess að skilyrðum 45. gr. laga nr. 57/1962 um Hæstarétt Íslands sé fullnægt. Er heimildarlaust að sinna þeirri hækkun.

Eftir uppsögu héraðsdóms hefur verið aflað nokkurra málsgagna, þ. á m. umsagnar öryggismálastjóra og álitsgerðar tveggja dómkvaddra manna. Fyrir dóm hafa komið m. a. rafveitustjórinn í Vestmannaeyjum og rafmagnseftirlitsmaður í sama kaupstað, og auk þess hafa áfrýjandi og framkvæmdastjóri stefnda gefið dómskýrslur. Þessi gögn

hefðu að réttu lagi átt að koma fyrir héraðsdómendur til úrlausnar. Málið var því vanreifað í héraði, og ber að ómerkja héraðsdóm og meðferð málsins frá og með þinghaldi 15. desember 1964 og vísa málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar af nýju.

Áfrýjandi hafði gjafsókn fyrir Hæstarétti samkvæmt bréfi dómsmálaráðuneytisins frá 11. nóvember 1966. Gjafsóknarkostnaður fyrir Hæstarétti greiðist úr rikissjóði, þ. á m. málflutningslaun skipaðs talsmanns gjafsóknarhafa, Jóns Hjaltasonar hæstaréttarlögmanns, kr. 10.000.00. Að öðru leyti fellur málskostnaður niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði héraðsdómur og meðferð málsins frá og með þinghaldi 15. desember 1964 eiga að vera ómerk, og er málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar af nýju.

Gjafsóknarkostnaður fyrir Hæstarétti greiðist úr rikissjóði, þar á meðal málflutningslaun skipaðs talsmanns áfrýjanda, Jóns Hjaltasonar hæstaréttarlögmanns, kr. 10.000.00. Að öðru leyti fellur málskostnaður niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 30. október 1965.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 20. október s. l., hefur Guðmann Skæringsson verkamaður, Vesturhúsum, Vestmannaeyjum, höfðað fyrir bæjarþinginu samkvæmt heimild í 1. mgr. 81. gr. laga nr. 85/1936 með stefnu, útgefinni 21. maí 1964, gegn Skipaviðgerðum h/f, Vestmannaeyjum, til heimtu skaðabóta, samtals að fjárhæð kr. 126.093.80, ásamt 7% ársvöxtum frá 4. janúar 1963 til greiðsludags auk alls málskostnaðar að fullu, þar með talin full málfærslubóknun samkv. gjaldskrá Lögmannafélags Íslands.

Stefndi hefur gert þær dómkröfur *aðallega*, að hann verði algerlega sýknaður af öllum kröfum stefnanda og dæmdur málskostnaður úr hendi hans að mati dómarans. Til *vara* krefst stefndi þess, að kröfur stefnanda verði stórlega lækkaðar, enda verði málskostnaður látinn niður falla.

Brunabótafélagi Íslands hefur verið stefnt til réttargæzlu í máli þessu. Á hendur réttargæzlustefnda eru ekki gerðar kröfur í málinu, og hann hefur engar kröfur gert.

Málavexti kveður stefnandi vera þá, að hann, sem hafi verið starfsmaður stefnda, hafi slasast að morgni 4. janúar 1963 við vinnu sína hjá stefnda í skipasmíðastöð hans við Friðarhöfn í Vestmannaeyjum. Nánari tildrög að slysinu hafi verið þau, að hann hafi verið að vinna með rafmagnsbor við að bora inn úr byrðingi á báti, sem hafi verið í smíðum hjá stefnda. Stefnandi kvaðst hafa staðið á vinnupalli, sem reistur hafi verið utan á bátnum. Frost hafi verið þennan dag og vinnupallurinn hýlaður og sleipur, þar sem ekkert hafi verið á hann borið til að draga úr hálkunni. Þegar stefnandi hafði unnið skamma hríð með rafmagnsbornum, eða um kl. 0730, kveður hann svo hafa viljað til, að hann hafi runnið til á pallinum og hafi þá borinn lent á litla fingri vinstri handar. Skaddaðist fingurinn svo við þetta, að taka varð hann af í grunnlið. Kveðst stefnandi hafa hlotið af þessu varanlega örorku, sem metin hafi verið 7%, auk þess sem hann hafi orðið óvinnufær í langan tíma eftir slysið.

Örsök slyssins telur stefnandi bæði vera þá, að vegna hálkunnar á vinnupallinum hafi hann runnið til með þeim afleiðingum, sem að framan greinir, svo og að umræddur rafmagnsbor hafi leitt út rafmagn. Kveður stefnandi stefnda sem atvinnurekanda bera fulla fébótaábyrgð á slysinu. Forsvarsmönnum stefnda, — en allir stjórnarmennirnir vinni í skipasmíðastöðinni —, hafi borið að sjá um, að gerðar væru ráðstafanir til varnar hálkunni á vinnupallinum og einnig hafi þeim borið að hlutast til um, að hinn gallaði rafmagnsbor væri ekki notaður. Þá kveður stefnandi skipasmíðar í eðli sínu vera hættulegan atvinnurekstur, þar sem ávallt sé hættu á slysum, jafnvel þótt engan væri um að saka, og því eðlilegt, að atvinnurekandi beri tjón það, sem af kann að hljótast.

Kröfu sína sundurliðar stefnandi þannig:

Tímabundin örorka	kr. 22.920.00
Varanleg örorka	— 91.226.00
Bætur fyrir þjáningar og lýti	— 20.000.00
Kostnaður við bótaútreikning og örorkumat ..	— 2.550.00

Samtals kr. 136.696.00

Þar frá dragast dagpeningar frá Tryggingastofn-	
un ríkisins	kr. 5.273.50
og kaup frá stefnda í 14 daga eftir slysið	— 5.328.70

Eftir verða kr. 126.093.80

sem er stefnukrafan.

Stefnandi hefur lagt fram í málinu örorkumat Páls Sigurðssonar lækni og útreikning Þóris Bergssonar tryggingafræðings á örorkutjóni, og eru þessi gögn ásamt fleirum lögð til grundvallar stefnukröfunum.

Stefndi styður sýknukröfu sína þeim rökum, að slysið hafi orðið fyrir óhappatilviljun og ógætni stefnanda sjálfs. Stefnandi sé þaulvanur að vinna við skipasmíðar og vinna með rafmagnsborum. Því sé mótmælt, að vinnupallurinn hafi verið hýlaður eða sleipur, enda sé ljóst, að frost hafi verið það lítið um þetta leyti, að naumast sé líklegt, að pallurinn hafi verið hýlaður. Það, sem virðist hafa gerzt, sé það, að stefnandi hafi fyrir einhver mistök misstigið sig og hrasað þannig, að hann hafi gripið með vinstri hendinni fram á borinn. Ekkert sé fram komið um það, að umræddur bor hafi leitt út rafmagn í umrætt sinn, enda haldi stefnandi því ekki fram í raun og veru, að slíkt hafi verið orsök slyssins. Þegar til þessa sé lítið, þá verði ekki séð, að um nokkra sök sé að ræða hjá fyrirsvarsmönnum stefnda, þannig að lögð verði á fyrirtækið fébótaábyrgð. Þá sé því algerlega mótmælt, að skipasmíðar séu í eðli sínu hættulegur atvinnurekstur.

Verði ekki á þetta fallizt, kveðst stefndi telja, að ljóst sé, að stefnandi verði sjálfur að teljast bera ábyrgð á tjóni sínu að mjög verulegu leyti. Kveðst stefndi í því sambandi vilja benda á, að ef stefnanda hafi verið ljóst, að pallurinn væri hýlaður, þá hafi honum sem þaulvönnum starfsmanni borið að tilkynna verkstjóra það og sjá til þess, að úr væri bætt. Sama máli gegni, ef hann vissi, að umræddur rafmagnsbor leiddi út, þá hafi honum borið sem manni, sem vann við skipasmíðastöð og hafði unnið þar árum saman, að benda yfirmönnum sínum á það. Með hliðsjón af þessu öllu kveðst stefndi telja, að leggja beri aðeins óverulegan hluta sakar á stefnda.

Aðilja- og vitnayfirheyrslur hafa farið fram í málinu, og skal nú rakið það helzta, sem þar kemur fram. Stefnandi hefur lýst gerð vinnupallsins, sem um ræðir í máli þessu, þannig, að 5

plankar hafi legið samsíða langsum með síðu bátsins á uppi-stöðum með þverbindingum. Vinnupallurinn hafi verið um 90 cm á breidd og víða handrið, en ekki á slysstaðnum. Á slysstaðnum hafi hæð vinnupallsins verið rúm mannhæð. Kveður stefnandi sér ekkert hafa þótt athugavert við umbúnað vinnupallsins og hafi hann oft áður unnið við sömu skilyrði og hafi þau verið svo sem tíðkamt hafi í skipasmíðastöð stefnda. Stefnandi kveðst ekki hafa athugað nógu vel, hvort hálka hafi verið á vinnupallinum, áður en hann hóf vinnu umræddan morgun. Enn fremur kveður hann það hafa verið venju að henda sandi á vinnupallinn, væri hálta á honum, en stundum hefði þeim verið sagt af verkstjóranum að bera sand á pallinn, en oftast hefðu starfsmennirnir tekið þetta upp hjá sjálfum sér, þegar þeim þótti þess þurfa. Stefnandi kveðst hafa verið á vinnupallinum 10 mínútur, áður en slysið varð. Stefnandi kveður aðspurður, að starfsmönnum hafi verið bent á það af forráðamönnum stefnda, að hættulegt væri að vinna á vinnupöllum í hálku, og hefðu verið áminntir um að fara varlega, en ekki hafi það verið gert í þetta sinn. Enn fremur hafi þeim verið bent á að bera sand á planka vinnupallsins, ef hálka væri og þeim þætti þess þurfa við.

Stefnandi kveðst aðspurður ekki þora að fullyrða, að útleiðsla í bornum hafi átt þátt í, að slysið varð, en telur það þó koma til greina. Kveðst stefnandi áður hafa unnið með sama bor og hafi það þá komið fyrir, þegar unnið var í bleytu, að borinn leiddi út. Stefnandi kveðst ekki muna, hvort hann hafi látið forráðamenn stefnda vita, að borinn leiddi út, en þeir hafi vitað það og það hafi almennt verið kunnugt á vinnustaðnum, að borinn leiddi út í vætu. Útleiðslan hafi lýst sér þannig, að meðan verið var að bora í vætu, þá hafi borinn leitt út nokkuð sterkan straum annað veifið, en útleiðslan hafi ekki verið stöðug.

Í lögregluskýrslu, sem stefnandi hefur staðfest fyrir dómi, segir hann m. a. svo um atvik að slysinu, að hann eigi ekki gott með að gera sér fulla grein fyrir því, hvernig það atvikaðist, vegna þess hve snögglega það hafi borið að. Þó kveðst hann telja, að hann hafi eitthvað verið að færa sig til á vinnupallinum, en þar sem sleipt hafi verið á honum, hafi hann runnið eitthvað til og ósjálfrátt gripið um borinn. Í nefndri lögregluskýrslu kveður stefnandi þess lítið hafa gætt, að borinn leiddi út, en þó hafi hann aðeins orðið þess var, er borinn var blautur og unnið var úti. Hann segir, að borinn hafi verið þurr, er slysið varð, en þó muni kannske hafa verið á honum einhver héra, þar sem eins

stigs frost var. Stefndandi kveðst hafa unnið hjá fyrirtæki stefnda á fjórða ár og oft unnið með þessum rafmagnsbor.

Vitnið Ragnar Jóhannsson kveðst hafa verið á sama vinnupalli og stefndandi, svo sem hálfan metra frá honum, þegar slysið varð, en hafa snúið að honum baki. Ekki kveðst vitnið vita til þess, að borinn hafi verið í ólagi eða að hann hafi leitt út straum, og kveðst vitnið hafa borað nokkuð með honum án þess að verða þess var.

Vitnið kveðst ekki muna til þess, að hált hafi verið á vinnupallinum umræddan morgun, en héla eða bleyta hafi verið á honum eins og oft að morgni, en ekki það mikil, að til skaða væri, að því er vitnið minnir. Vitnið kveðst lítið hafa unnið á vinnupöllum úti við og aldrei hafi verið hálka, þegar það var að vinna á pöllum. Ekki man vitnið eftir, að starfsmönnum hafi verið sagt að bera sand á vinnupallana til að koma í veg fyrir hálku, hvorki í umrætt skipti né endranær. Þá kveðst vitnið ekki muna sérstaklega eftir því, að það hafi verið beðið af forráðamönnum stefnda að fara varlega á vinnupöllum við vinnu sína, en telur þó, að það geti vel hafa átt sér stað.

Vitnið Ólafur Jónsson, verkstjóri stefnda, skýrir svo frá, að morgun þann, sem slysið varð, hafi nokkur héla verið á vinnupöllum, þar sem frost var og hreinviðri og þar af leiðandi dálítið skreipt á pöllum. Vitnið kveðst álíta, að slysið hafi ekki orðið vegna hálku á vinnupöllum, heldur vegna þess að tækið var í ólagi, svo sem síðar hafi komið í ljós. Vitnið segir, að umræddan morgun hafi starfsmönnum skipasmíðastöðvarinnar verið sagt að fara varlega á pöllum vegna hálkunnar og það sé venja hans að benda þeim á að fara varlega við vinnu sína, þegar ástæða sé til þess. Ekki hafi sérstaklega verið getið um, að settur yrði sandur á vinnupallana. Þá segir vitnið, að því hafi alls ekki verið kunnugt um, að borvélin, sem stefndi notaði, er slysið varð, hafi leitt út og ekki hafi verið kvartað yfir þessari borvél frekar en öðrum og ekki hafi orðið kunnugt um, að borvélin væri biluð fyrr en við notkun hennar eftir slysið. Vitnið kveðst ekki vita, hvort borvélin var jarðtengd. Borvélin hafi verið sett í samband með tengli í húsi skipasmíðastöðvarinnar. Spenna borvélarinar sé 220 volt. Segir vitnið, að hættulaust hafi verið talið að nota borvélinu úti við, þar sem bjart veður var og þurrt. Þá kveður vitnið umbúnað vinnupalla hafa verið svo sem tíðkast hafi í skipasmíðastöðinni.

Vitnið Bárður Auðunsson, framkvæmdastjóri stefnda, kveðst

ekki hafa verið á vinnupallinum, þegar stefnandi varð fyrir umræddu slysi. Vitnið kveðst ekki hafa vitað til þess, að rafmagnsborinn, sem stefnandi notaði, er slysið varð, væri í ólagi. Kveðst vitnið sjálft hafa borað með þessum sama bor, nokkrum dögum eftir að stefnandi slasaðist, og þá hafa orðið þess vart, að borinn leiddi út rafmagn. Vitnið kveður borinn hafa verið þurran, þegar það varð þessa vart. Kveðst vitnið hafa fengið dálítinn rafstraum, en þó með varúð getað notað borinn, en um hafi verið að ræða hálfommubor, líklega af gerðinni „Miller Fals“. Ekki veit vitnið, hvort borinn var jarðtengdur. Vitnið kveðst ekki geta sagt um, hvort héla hafi verið á vinnupallinum eða hálka, er slysið varð, enda ekki stjórnar verkum á vinnustað, en vinna að staðaldri við skipasmíðarnar og vera hluthafi í skipasmíðastöðinni. Vitnið kveður það hafa verið venju að bera sand eða salt á vinnupallana, ef frost hafi verið eða snjór, en kveður sér ekki vera kunnugt um, hvort það var gert umræddan morgun.

Að álitinu hinna sérfróðu dómenda verður ekki talið, að um vanbúnað á vinnustað hafi verið að ræða, að því er tekur til vinnupalla, enda hefur stefnandi ekki haldið því fram, að umbúnaður þeirra hafi verið athugaverður.

Stefnandi greinir sjálfur svo frá, að stafsmönnum stefnda hafi verið bent á það af forráðamönnum stefnda, að hættulegt væri að vinna á vinnupöllum í hálku, og hefðu þeir verið áminntir um að fara varlega og enn fremur hafi þeim verið bent á að bera sand á vinnupallana, ef hálka væri og þeim þætti þess þurfa við. Þá hefur og verkstjóri stefnda, Ólafur Jónsson, skýrt svo frá fyrir dómi, að það sé venja hans að benda starfsmönnum skipasmíðastöðvarinnar, þ. e. stefnda, á að fara varlega við vinnu sína, þegar ástæða sé til þess, og kveðst hann umræddan morgun einmitt hafa bent þeim á að fara varlega á pöllum vegna hálkunnar. Framkvæmdastjóri stefnda, Bárður Auðunsson, hefur og borið það fyrir dómi, að venja hafi verið að bera sand eða salt á vinnupallana, ef frost var eða snjór, en kveður sér ekki kunnugt um, hvort það hafi verið gert þennan morgun.

Þegar lítið er til þessa og með hliðsjón af því, að stefnandi hafði starfað hjá stefnda á fjórða ár, líta dómendur svo á, að honum hefði mátt vera ljóst, að vinnupallarnir gátu orðið hálir í frosti og hafi hann því mátt samkvæmt reynslu sinni og öllum aðstæðum vera á verði gegn hálku á vinnupöllum og eiga að því frumkvæði að bera á þá sand eða salt, ef honum þætti ástæða til.

Að þessu athuguðu þykja eigi vera efni til að leggja á stefnda ábyrgð á slysi stefnanda af þessum sökum, enda ekki sannað, að stefnandi hafi hrasað vegna hálku.

Þá heldur stefnandi því fram, að rafmagnsborvél, sem hann var að vinna með, er slysið varð, hafi leitt út rafstraum. Ekki kveðst stefnandi þora að fullyrða, að útleiðsla í bornum hafi átt þátt í, að slysið varð, en telur það koma til greina. Þeir starfsmenn stefnda, sem komið hafa fyrir dóm til vitnisburðar vegna umrædds slyss, þ. e. Bárður Auðunsson framkvæmdastjóri, Ólafur Jónsson verkstjóri og Ragnar Jóhannsson verkamaður, segja sér ekki hafa verið kunnugt um, er slysið varð, að borinn leiddi út rafstraum. Ekki kveðst stefnandi muna, hvort hann hafi látið forráðamenn stefnda vita, að borinn leiddi út, en telur, að þeir hafi vitað það og það hafi almennt verið kunnugt á vinnustaðnum, að borinn leiddi út í vætu.

Þrátt fyrir staðhæfingu stefnanda þykja ekki fram komnar í málinu nægar sannanir fyrir því, að borvélin hafi leitt út rafstraum, er slysið átti sér stað.

Þykir því þessi málsástæða stefnanda eigi heldur veita næg efni til að leggja á stefnda fébótaábyrgð vegna umrædds slyss.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, og gögnum málsins í heild verða því úrslit málsins þau, að sýkna ber stefnda af öllum kröfum stefnanda í máli þessu.

Eins og máli þessu er háttað, þykir eftir atvikum rétt, að málskostnaður falli niður.

Valgarður Kristjánsson borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt meðdómsmönnum Guðmundi Hjaltasyni skipstjóra og Hjálmari Árnasyni skipasmíðameistara.

Dómsorð:

Stefndi, Skipaviðgerðir h/f, á að vera sýkn af öllum kröfum stefnanda, Guðmanns Skæringssonar, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.